# REGLUGERÐ FYRIR UNGLINGANEFND KLÍ

**1. grein**

KLÍ skal skipa þriggja manna unglinganefnd. Formaður nefndarinnar skal skipaður sérstaklega.

**2. grein**

Nefndin skal fylgjast með unglingastarfsemi innan keilufélaganna og vera þeim innan handar við uppbyggingu starfsins. Unglinganefnd skal vera félögum og þjálfurum til aðstoðar við öflun kennslugagna og leiðbeininga, sé þess óskað.

**3. grein**

Unglinganefnd skal auglýsa og sjá um framkvæmd unglingamóta á vegum KLÍ ásamt mótanefnd og skulu þær skipuleggja leikdaga í sameiningu (sjá Reglugerð um mótanefnd).

**4. grein**

Unglinganefnd skal halda fundargerðir og skrá þar ákvarðanir sínar.

*Breytt á formannafundi 29. apríl 2010*
*Breytt á formannafundi 13. maí 2018*